

# Kynning vegna breytinga á samþykktum Starfsmenntunarsjóðs FT

## Gildistaka nýrra samþykpta og reglna 3. janúar 2018

Nýjar samþykktir og reglur Starfsmenntunarsjóðs FT tóku gildi þann 3. janúar 2018. Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér reglurnar í heild þar sem hér er aðeins tæpt á því allra helsta. Sérstaklega eru félagsmenn hvattir til að kynna sér kafla 3 í nýju reglunum um styrkhæf verkefni og styrkfjárhæðir þar sem meðal annars er fjallað um skilyrði sem uppfylla þarf til að hljóta styrki úr sjóðnum.

Umsóknir sem bárust til og með 2. janúar 2018 verði afgreiddar skv. fyrri samþykktum. Umsóknir sem berast frá 3. janúar verða afgreiddar samkvæmt nýjum samþykktum. Hópfærðir eru styrktar útfrá þeim samþykktum sem eru í gildi þegar ferð er farin.

## Markmið og tilgangur með starfsemi sjóðsins verður skýrari

Með nýjum samþykktum verða markmið sjóðsins og tilgangur með starfseminni skýrari. Þau eru að auka tækifæri félagsmanna til faglegrar starfsþróunar, rannsókna og þróunarstarfa vegna starfs í tónlistarskóla. Með faglegri starfsþróun er átt við að félagsmenn viðhaldi og efla færni og sérfræðipekkingu sína á sviði stjórnunar, náms og kennslu tónlistar. Jafnframt er markmið sjóðsins að efla námsefnisgerð fyrir tónlistarkennslu sem og að hvetja til rannsókna og þróunarstarfs.

## Deildir sjóðsins verða þrjár A, B og C deild.

Við endurskoðun samþykpta sjóðsins var ákveðið að leggja niður deild í sjóðnum sem áður veitti námslaun.

### **A deild styrkir einstaklinga en ekki hópa eða félög.**

Í A deild eru veittir styrkir til einstaklinga vegna skráningar-/skólagjalda í tengslum við framhaldsnám á háskólastigi, námskeiða, einkatíma, ráðstefna og málþinga á sviði tónlistar, menntunar og/eða stjórnunar. Auk náms- skóla- og þátttökugjalda er kostnaður vegna ferða, gistingar og uppihalds lagður til grundvallar styrkveitingu.

Á hverjum þremur árum getur félagsmaður sótt um styrk eða styrki úr A deild að upphæð kr. 450.000. Vegna uppihalds reiknast kr. 10.000 á dag að hámarki í fimm daga að uppfylltum skilyrðum sjóðsins. Styrkur er aldrei hærri en sem nemur útlögðum kostnaði.

### **B deild styrkir einstaklinga tilnámsefnisgerðar, rannsóknar- og þróunarverkefna**

Helsta breytingin vegna styrkveitinga úr B deild er að nú eru veittir 5 hámarksstyrkir að upphæð ein milljón hver. Sjóðsstjórn er heimilt að veita fleiri styrki með lægri styrkuppþæðum en hámarksstyrk. Hafa skal í huga að eldri samþykktir gerðu ráð fyrir að allar umsóknir sem hlutu jákvæða afgreiðslu stjórnar fengju styrk óháð fjölda umsókna. Framangreind breyting kallar á mikilvægi þess að umsækjendur vandi til verka við gerð umsókna og uppfylli þá upplýsingagjöf, rökstuðning og skilyrði sem nýjar reglur gera ráð fyrir sbr. greinar 3.2.3 - 3.2.6 í samþykktum sjóðsins. Ófullnægjandi umsóknum er hafnað án fekkari eftirfylgdar. Styrkur er aldrei hærri en sem nemur útlögðum kostnaði.

### **C deild styrkir hópfærðir**

Skilyrði styrkveitinga vegna skipulagðra hópfærða hafa breyst. Nú er skylt að leggja fram staðfesta tímasetta dagskrá sem stendur yfir að lágmarki í 6 klukkustundir.

Við afgreiðslu umsókna verður við ákvörðun styrkveitinga horft til þess að dagskrá ferðar sé í samræmi við starfsþróunaráætlun, fagleg markmið og ávinning tónlistarskóla og félagsmanna af slíkri hópferð. Dagskrá skal vera tímasett fyrir og eftir hádegi með lýsingu á hvað er gert og hver tilgangurinn/markmiðið sé með viðburðinum í dagskránni t.d. heimsókninni, ráðstefnunni eða námskeiðinu.

Sjóðurinn greiðir fyrir gistinætur sem sannanlega varða hópferðina auk einnar viðbótarnætur ef þannig háttar til, s.s. vegna ferðatilhögunar.

Styrkur úr C deild er að hámarki 150.000 kr. á tveggja ára tímabili. Einstaklingur sem ekki á rétt á hópstyrk getur nýtt sér styrk úr A deild sjóðsins sem nemur að hámarki 150.000 kr. hafi hann ekki nýtt sér þann rétt.

#### Ábyrgðarmaður hefur mikilvægt hlutverk.

Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á allri upplýsingagjöf til stjórnar og er hann jafnframt tengiliður hópsins við sjóðstjórn. Fullnægjandi er að ábyrgðarmaður ferðar sendi staðfestingu um þátttöku fyrir allan hópinn. Staðfesting þarf að tilgreina:

- a. Greinargerð um tilgang og markmið ferðar
- b. Tímasett dagskrá ferðar sem er í samræmi við starfsáætlun skóla, tilgang og markmið
- c. Staðfestingu móttökuaðila
- d. Lista yfir þátttakendur (nafn, kennitala, skóli)
- e. Kostnaður félagsmanns vegna ferðar s.s. afrit af farseðli og öðrum ferðakostnaði gistikostnaði, skráningargjöld og öðrum kostnaði sem fellur til vegna dagskrár ferðar.

Styrkur er aldrei hærri en sem nemur útlögðum kostnaði.

### **Frágangur umsókna**

Vanda skal frágang umsókna, rökstyðja hvernig styrkurinn nýtist til faglegrar starfsþróunar og auki sérfræðipækkingu umsækjanda á sviði náms og kennslu við tónlistarskóla. Ófullnægjandi umsóknum verður hafnað.

### **Nýjar reglur kalla á endurskoðun um hvað telst styrkhæft**

Við upptöku nýrra samþykktu mun sjóðsstjórn fjalla um allar umsóknir sem berast sjóðnum, bæði hvað varðar einstaklings- og hópstyrki. Ákvörðunin gildir ótímabundið þar til stjórnin telur að fullnægjandi reynsla sé komin á nýjar samþykktir um hvað telst styrkhæft og hvað ekki. Hafa skal í huga að ekki er sjálfgefið að það sem styrkt var samkvæmt eldri samþykktum fái jákvæða afgreiðslu eftir þessa breytingu.

### **Starfsþróun sem fullnægir ekki skilyrðum**

Um leið og félagsmenn eru hvattir til að nýta sér sjóðinn er mikilvægt að haft sé í huga við ákvörðun um starfsþróun að hún standist kröfur sjóðsins um tengsl við kennslu og stjórnunarstörf í tónlistarskóla eftir því sem við á. Stjórn sjóðsins metur vafaatriði varðandi styrkhæfi umsókna og eru allar ákvarðanir hennar um afgreiðslu mála endanlegar.

### **Ekki eru veittir styrkir vegna tómskundastarfs og líkamsræktar**

Ekki eru veittir styrkir til námskeiða sem að mati sjóðsstjórnar falla ekki undir markmið sjóðsins um faglega starfsþróun kennara og stjórnenda s.s. vegna tómskundastarfs, líkamsræktar, hugleiðslu og jóga.

Frekari leiðbeiningar til umsækjenda vegna hópferða verða birtar á Mínum síðum fyrir lok janúar 2018.

### **Umsóknir og fylgigögn**

Umsóknum og fylgigögnum skal áfram skila til sjóðsins með rafrænum hætti í gegnum Mínar síður á heimasíðu KÍ.

Stjórn Starfsmenntunarsjóðs FT